

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpurðun Vesturlands Fíflholt



Dags eftirlits	6.6.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Fyrirtæki	Sorpurðun Vesturlands	Eftirlitsmaður	Steinunn Karlsdóttir
Heimili	Bjarnarbraut 8	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrri eftirlit
Kennitala	5306972829	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Hrefna Jónsdóttir	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	349951,516 469714,37

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu kom fram eitt nýtt frávik er varðar hreinsun sigvatns og eitt eldra frávik var staðfest vegna uppsafnaðs veiðarfæra úrgangs. Engin athugasemd var gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlits var eftirfarandi:

- Umfang starfseminnar og starfshættir skv. starfsleyfi ræddir
- Virkni hreinsivirkis og úrbætur
- Gæsmælingar og gassöfnun – staða verkefnisins.
- Staða eldri frávíka
- Vettvangsskoðun

Sorp magn sem kemur inn í Fíflholt til urðunar jókst um 12% á milli ára frá 2015 til 2016 og er nú samtals 12.586 tonn. Rekstrar aðili hefur töluverðar áhyggjur af magni úrgangs frá fiskeldi sem berst inn og hvaða áhrif hann hefur á hreinsivirki staðarins. Rætt var um trjáspæni sem er notaður sem yfirlag en slíkur úrgangur var næst stærsti úrgangsflokkurinn í Fíflholti undangengið ár. Hingað til hefur ekki verið rukkað fyrir slíkan úrgang þar sem hann nýtist urðunarstaðnum. Trjáspænin er notaður sem yfirlag vegna þess hve auðvelt og ódýrt er að nálgast hann en hann veldur foki og fugl á auðvelt með að komast niður úr honum og niður í úrganginn. Rekstraraðili hafði orð á því að líklega ætti að rukka fyrir trjáspænin þar sem svo mikið magn bærst inn.

Umtalsvert fok er á svæðinu og þá sérstaklega af plasti sem berst inn til urðunar. Vindasamt er í Fíflholti og mikil vinna að týna upp allt það plast sem fýkur. Settar hafa verið upp háar járngrindur í urðurnarreinin til að sporna við foki og hefta þær það töluvert. Girðingin sem er kringum svæðið tekur einnig við einhverju af plasti en um er að ræða fjárgirðingu. Minnt er á að mikilvægt er að leita allra leiða til að halda foki í lágmarki.

Rekstraraðili veit ekki til þessa að borist hafi spilliefni í Fíflholt og aðeins einu sinni var notast við refsigjald vegna úrgangs sem uppfyllti ekki móttöku skilyrði á árinu 2016. Engar breytingar hafa orðið á starfseminni frá því í seinasta eftirliti og engin umhverfisóhöpp hafa verið skráð.

Nýtt hreinsivirki fyrir sigvatn frá urðurnarreinin fjögur var tekið í notkun í nóvember síðast liðnum en það stíflaðist fljótlega. Búið er að greina vandamálið sem er þrjúþætt. Hreinsivirkið er ekki gert til þess að taka við nema ákveðnu magni af vatni á tímaeiningu. Vegna þess að urðurnarreinin er enn í notkun og ekki búið að fylla upp í hana nema að litlu leyti á úrkomuvatn greiðan aðgang niður í sigvatnskerfi reinarinnar. Þar af leiðandi verður mikið flæði af vatni niður í hreinsivirkið þegar úrkoma er mikil. Þetta ræður hreinsivirkið ekki við og fituskiljan hættir að virka sem skildi. Þá flæðir fitan úr skiljunni yfir í síubeðið. Kornastærðin á efninu í síubeðinu er of smá og stíflast það auðveldlega. Þetta varð til þess að hreinsikerfið stíflaðist og tengt var fram hjá því. Vatnið rennur nú í gegnum gamla fituskilju og síðan beint í skurðinn nánast óhreinsað. Unnið er að úrbótum en það stendur til að taka upp síubeðið og skipta um kornastærð í því og setja fleiri brunna með yfirlalli til að taka við úrkomu vatni áður en það fer í hreinsivirkið ef vatnsmagn er meira en hreinsivirkið ræður við.

Rekstraraðili óskaði eftir breytingum á starfsleyfi í byrjun nóvember 2016 þess efnis að Norðlækur yrði ekki skilgreindur sem viðtaki fyrir sigvatn heldur skurðurinn sem sigvatnið er leitt út í. Umhverfisstofnun hefur unnið breytingarnar sem eru tilbúnar til útgáfu en vegna erfiðleika við hreinsivirki er ekki ljóst hvernig endanleg útgáfa verður.

Undirbúningsvinna vegna söfnunar hauggass í Fíflholti er í fullum gangi. Samkvæmt útreikningum og mælingum ætti urðunarstaðurinn að vera kominn í gasfasa. Unnin hefur verið forhönnun á gassöfnunarkerfi fyrir urðunarrein fjögur en nú stendur yfir enn frekari vinna til að bæta það kerfi. Umhverfisstofnun hvetur til þessa að staðið verði við samþykka úrbótaáæltun vegna söfnunar hauggas.

Í vettvangsskoðun var gengið um svæðið og hreinsibúnaður fyrir sigvatn skoðaður. Sérstaklega var skurðurinn sem veitt er út í frá urðunarrein skoðaður. Eins og kom fram hér að ofan var tengt fram hjá hreinsivirkinu vegna stíflu og töluvert er af froðu þar sem sigvatnið streymir út skurðinn. Urðunarreinin var skoðuð en við enda hennar er enn geymdur veiðarfæraúrgangur, unnið er að úrbótum.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Gr. 1.2 í starfsleyfi

Veiðarfæra úrgangi hefur verið safnað upp í rein fjögur en samkvæmt ákvæði 1.2 í starfsleyfi er óheimilt að geyma úrgang á urðunarstað.

Gr. 3.3 í starfsleyfi

Samkvæmt ákvæði 3.3 í starfsleyfi skal sigvatn undan urðunarstaðnum leitt í gegnum hreinsivirki áður en það er leitt út í skurð. Sigvatn undan urðunarrein fjögur er einungis leitt í gegnum fituskilju og þegar það fellur út í skurðinn myndast froða, þetta telst ekki sem fullnægjandi hreinsun.


ANNAÐ

Eftirlitið var viðstaddur Stefán Gíslason frá UMÍS ehf. Environice.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 04.07.2017



Sverrir Aðalsteinn Jónsson